

## 1136. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. október 2015, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

**Mætt voru:** Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigmundur Halldórsson, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestur: Árdís Birgisdóttir starfsmaður á þróunarsviði VR

Ólafía Björk setti fund kl. 17:30 en áður en að fundur hófst, samkvæmt dagskrá, leitaði hún eftir samþykki við breytingu á áður tilkynntri dagskrá. Breytingin var sú að inn komi nýr liður nr. 2 sem er kynning á nýjum vef VR og nýr liður nr. 7. sem eru reikningsskil sem Stefán fer yfir og breytist númeraröð annarra dagskrárliða í samræmi við þetta.

Samþykkt.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð 1135. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar.

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1135. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

#### 2. Nýr vefur VR

Gestur fundarins, Árdís Birgisdóttir starfsmaður þróunarsviðs VR, fór yfir helstu atriðin við vinnuna kringum nýjan vef félagsins.

Fyrst var settur upp stýrihópur og var vefurinn rýndur. Þá var fyrirtækið Sjá ehf. fengið til þess að vinna þarfagreiningu og út frá henni var svo unnin markmiðasetning fyrir vefinn.

Hugsunin er sú að vefurinn sé notendavænni, auðveldari í notkun og náí til hópa sem ekki séu að nota vefinn í dag.

Nýji vefurinn er hannaður sérstaklega þannig að hann sé skalanlegur fyrir snjallsíma og spjaldtölvur. Þá er hann minnkaður að umfangi og gerður einfaldari.

Við fengum nokkur tilboð í smíðina og tókum tilboði frá Sendiráðinu ehf en með því var hönnun og forritun á sömu hendi.

Fór Árdís næst lauslega yfir á skjá útlitið á nýjum vef. Allt er nú stílhreinna og aðgengilegra og byggt á s.k. „flekum“ með miklu myndefni.

Umræður.

Góður rómur var gerður að þessari nýju heimasíðu félagsins meðal fundarmanna og var Árdísi þakkað fyrir kynninguna og vék hún þá næst af fundi.

### 3. Kjaramál

Ólafía Björk sagði stöðuna í Straumsvík vera erfiða. Langur fundur var haldinn í gær og hægt að segja að launaliðurinn sé klár en ekki verktakaþátturinn. Þattstaðan sem nú er uppi sé óbærileg.

Þá sagði Ólafía Björk frá því að SGS væri nú með sinn landsfund og las hún upp ályktun þeirra þar sem lýst er fullum stuðningi við samninganefndina og verður slík tillaga einnig borin upp á komandi LÍV þingi.

Umræður.

Eftir umræður ræddi Ólafía Björk stöðuna almennt í kjaraviðræðum vinnumarkaðarins og sagði að mikil harka væri að færast í deilurnar hjá opinberu félögunum. Verkföll gætu auðveldlega skolið þar á þótt búið sé að boða til fundar þar kl. 13 á morgun.

Hve lengi opinberu félögin geta haldið úti verkfalli er óvíst. En staðan er þá skýr hvað okkur varðar að forsenda launa er a.m.k. brostin. Mismunandi er þó í samningum okkar og iðnaðarmanna hvernig forsendunefnd er skipuð. Reynt verður að leita leiða til að hafa eina forsendunefnd og klára samninga þannig. Hugmyndir forsendunefndar yrðu þá lagðar fyrir samninganefnd okkar og trúnaðarráð. Vægi okkar atkvæðamagns færi þá inn í stóru samninganefndina en einnig þarf handaupprétting að fylgja ákvörðun ásamt atkvæðamagni hvers landssambands.

Við verðum að leita allra leiða til að samningar opnast ekki og best er að gera það í stórum hópi félaga.

Umræður.

Að loknum umræðum óskaði Ólafía Björk eftir umboði til þess að halda áfram þessari vinnu á þeim nótum sem hér hefur verið rætt inn í eina forsendunefnd sem skipuð verður í framhaldi viðræðna nú, svo hópurinn fari saman í verkið.

Var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema atkvæði Ragnars Þórs sem óskar eftir að mótatkvæði hans sé bókað.

### 4. Vinnureglur stjórnar

Helga mætti til fundar undir þessum dagskrárlið kl. 19:25

Ólafía Björk sagði að endurskoða eigi þessar reglur árlega og setti reglurnar upp á skjá. Sagðist hún ekki hafa fengið neinar uppástungur um breytingar að þessu sinni. Engar athugasemdir komu heldur frá fundarmönnum og bar hún þá vinnureglurnar upp til samþykktar.

Samþykkt með öllum atkvæðum nema atkvæði Ragnars Þórs en hann sat hjá við atkvæðagreiðsluna og óskaði eftir því að það væri bókað.

#### 5. Öryggisstefna VR

Ólafía Björk setti nú öryggisstefnu VR upp á skjá og sagði að skjalið væri á skjallasvæði stjórnar en væri sett hér upp til kynningar.

#### 6. Jólstyrkur stjórnar

Ólafía Björk lagði fram skjalið „*Minnisblað; Jólstyrkur stjórnar VR 2015*“ dags. 4. september 2015 og fór yfir efni þess á skjá. Áætlað er að styrkurinn sé kr. 4. millj. og sé varið til hjálparsamtaka sem úthluta styrkjum til einstaklinga og fjölskyldna þeirra fyrir jólin. Sem fyrr væri það skilyrði styrkja að ársreikningar þessara hjálparsamtaka séu aðgengilegir á netinu. Þannig færi kr. 1.7 millj. til Hjálparstarfs kirkjunnar, kr. 1.7 millj. til Rauða kross Íslands og síðan kr. 200 þús. á deildir RKÍ á Akranesi, Austurlandi og í Vestmannaeyjum.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk upp tillögu um að hafa styrkinn óbreyttan frá því í fyrra og eins og hér hefur verið rætt.

Samþykkt samhljóða.

Undir þessum dagskrárlið kom fyrirspurn frá Dóru um hvort halda mætti jólaball VR.

Ólafía Björk svaraði því til að þetta hafi verið skoðað í fyrra og hafi þá verið tekið saman minnisblað um málið sem hún muni leggja fram og fara yfir á næsta fundi.

#### 7. Reikningsskil

Stefán fór yfir á skjá upplýsingar um eignir – fastafjármuni og veltufjármuni en einnig fjármagnstekjuskatt sem okkur ber að greiða eins og sveitarfélög og almenn félagasamtök.

Ræddi hann að við munum breyta reikningsskilum okkar þannig að inn í skuldaskil komi áfallinn fjármagnstekjuskattur. Verður það bókað í gegnum eigið fé félagsins.

Umræður.

Ólafía Björk bar þá þessa tilhögun upp til samþykktar.  
Samþykkt.

Fundi var slitið kl. 20:45  
Árni Leósson, fundarritari